

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Korngarðar 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 29. október 2015, breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka – Klettasvæðis vegna lóðar nr. 1 við Korngarða. Í breytingunni felst að bæta við byggingarreit sunnanmegin á lóð nr. 1 við Korngarða að lóðarmörkum Klettagarða 4. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Glæsibær 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. september 2016, breytingu á deiliskipulagi Árbæjar – Seláss vegna lóðarinnar nr. 5 við Glæsibæ. Í breytingunni felst stækkun húss til austurs og stækkun bílskúrs þannig að hús og bílskúr verða sambyggð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lágholtsvegur 15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. ágúst 2016, breytingu á deiliskipulagi Lýsisreits vegna lóðar nr. 15 við Lágholtsveg. Í breytingunni felst m.a. að leiðrétta lóðarstærð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 23. september 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. október 2016